

**58. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis
haldinn í Glerárskóla 11.09.2012**

Mættir: Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Helgi Stefánsson og Óskar Ingi Sigurðsson.

Fundarefni.

Hverfisbúi í Lyngholti 16 ósáttur.

Íbúi hafði samband við formann vegna fyrirhugaðra framkvæmdar við aðkomu að bílastæði við hús hans. Var nefndinni sent deiliskipulag vegna þessa þann 16. júní síðastliðin og sá hverfisnefnd enga ástæðu til aðgerða enda enginn haft samband við hana vegna þessara framkvæmda. Ræddu nefndarmenn um þetta og búið er að hafa samband við tvo aðila tengda Vegagerðinni en engin svör hafa fengist enn. Berglind mun halda áfram með fyrirspurnir.

Vinnulag nefndar v/deiliskipulaga í hverfinu okkar.

Nefndin ákvað að fjallað yrði sameiginlega á fundi um öll erindi er varða deiliskipulag í hverfinu.

Undirgöng v/Hörgárbraut.

Óskar mun sækist eftir skriflegu leyfi frá Pálma hjá Vegagerðinni, á að mála undirgöngin undir Hörgárbraut eins og rætt hafði verið um að nemendur í Glerárskóla fengju að gera í myndmennt.

Hringrás ehf.

Á fundinn kom rekstraraðili Hringrásar á Akureyri. Ræddar voru ýmsar hliðar á starfsseminni og fengu nefndarmenn greinargóðar upplýsingar um starfssemi fyrirtækisins. Mengunarvarnir, umhverfissjónarmið og heilbrigðissjónarmið voru meðal annars rædd í tengslum við starfssemi endurvinnslufyrirtækja í okkar hverfi.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 2. október 2012 kl. 18:00 í Glerárskóla.

Ritað 11. september 2012

Brynja